konungdæmi í Danmörku né á Íslandi. Að hinu er alls ekki vikið, hvernig að skuli fara, ef honum er einungis ókleift að fara með vald sitt hér. Í íslenzku lagadeildinni hefir aðeins verið kent, að ef konungurinn vanrækti stjórnarstörf á Íslandi, þá yrði ráðuneytið þess að fara með konungsvald uns Alþingi gerði á aðra skipan. Aldrei hefir verið efast um, að svo hafi að fara að um þetta ófyrirsjáanlega tilfelli; en það, að konungi sé ókleift að fara með valdið, er þessu alveg hliðstætt, og sjálfsagt að láta hið sama gilda um hvorttveggja. Ríkisvaldið kemur frá þjóðinni. Alþingi er fulltrúi hennar, og þess vegna ber því að segja til um það, með hverjum hætti skuli með konungsvaldið farið, þegar hinn rétti aðili getur eigi beitt því. Hitt nær engri átt, sem flogið hefir fyrir, að úr því að konungurinn getur eigi farið með vald sitt, þá hefði danska ríkisráðið átt að taka við því. Það er að vísu rétt, að danska ríkisráðið á stundum að fara með konungsvald, ef konungurinn getur í hvorugu landinu beitt valdi sínu. En það á aldrei að fara með konungsvald, ef ómöguleikinn tekur einungis til Íslands, enda alveg ljóst, að nú var danska ríkisráðinu engu framar kleift en konungi að fara með vald hans hér á landi.

Alþingi hefði þess vegna ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9

meðferð

einungis heimild til að ráðstafa konungsvaldsins, heldur bar því til þess stjórnskipuleg skylda. Með þessu var ekki framið stjórnlagarof, heldur þvert á móti stjórnskipun ríkisins haldið uppi á hættunnar stund. En í ályktuninni má ekki telja felast meira en hún sjálf segir. Hún afnemur ekki konungdæmi á Íslandi og sviftir konung ekki tign sinni. Ísland er eftir sem áður konungsríki, og hinn rétti konungur tekur aftur við völdum, þegar Alþingi telur skilyrði þess vera fyrir hendi.

Síðari ályktunin, sem Alþingi gerði aðfaranótt hins 10. apríl, er svo hljóðandi: „Vegna þess ástands, er nú hefir skapast, getur Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands samkvæmt 7. gr. dansk-íslenskra sambandslaga né landhelgisgæslu samkvæmt 8. gr. téðra laga, og lýsir Alþingi þess vegna yfir því, að Ísland tekur að svo stöddu meðferð mála þessara að öllu leyti í sínar hendur."

Með sama hætti sem konungi er ókleift að fara með vald sitt hér á landi, er dönskum stjórnvöldum ókleift að rækja umboð til meðferðar utanríkismála Íslands eða landhelgisgæslu.

Um landhelgisgæsluna stendur að því leyti sérstaklega á, að þar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10

sambandslaganna er Íslandi fengin heimild til at taka hana at öllu leyti í sínar hendur hvenær sem því lýst. Þurfti því engin sérstök atvik at vera fyrir hendi, til þess at taka hennar væri heimileg. ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ Einnig og at er vikit í ályktuninni ~~[illegible]~~, þar sem dönskum gæsluskipum var vitanlega ófært komast til lands og danski flotinn auk þess kominn undir stjórn annars hernaðarstórveldis og þess vegna ósamrýmanlegt hlutleysi Íslands at þola, at hann fari áfram með landhelgisgæslu hér.

vera samt rík ástæða fyrir hendi

~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ Íslandi, er at vísu ekki í sambandslögunum veitt nein heimild til einhliða uppsagnar ~~[illegible]~~ á meðan sambandslögin upphaflega gilda. En forsendurnar fyrir umboði Danmerkur vera brostnar. Danmörk hefir a[illegible] sambandslögunum enga sjálfstæða heimild til at taka ákvarðanir um íslensk utanríkismál, þó at hún at vísu fari með þau. Ákvörðunarvaldit um hvert minnsta einasta atriði [illegible] er í höndum íslenskra stjórnvalda, og er því at þeim er ómögulegt at ná til danskra stjórnvalda og segja þeim, hverjar ákvarðanir eru teknar í íslenskum utanríkismálum, er ljóst, at Danmörk getur ekki, meðan svo stendur, farit með utanríkismál Íslands.

Sambandsins til meðferðar utanríkismála

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem Alþingi hefur tekið
þessa ákvörðun er útilokað, að það
segi einungis til, hvenær forsendur
hennar séu niður fallnar, svo að
til fyrra ástands skuli hverfa á ný.
Í ályktuninni segir raunar, að Ísland
taki þessi mál að öllu leyti í sínar
hendur, en með því er einungis átt
við, að Ísland hafi áður farið með
þessi mál að nokkru en Danmörk
að nokkru, en nú er afskiftum Dan-
merkur lokið í bili. Hinsvegar er
með þessu alls ekki átt við fullnaðarráðstöfun þessara mála, sbr.
orðalagið „að svo stöddu". Að öðru
leyti en þessu er gert ráð fyrir, að
sambandslögin haldi gildi sínu.

Tvímælalaust er, að ~~ákvarðanirnar~~ ályktanirnar
10. maí voru nauðsynlegar, og þá
ekki síður, að þær voru heimilar bæði
samkvæmt íslenskum stjórnskipunarrétti og alþjóðalögum. Bæði konungur og dönsk stjórnarvöld hafa eftir
á viðurkennt, að rétt hafi verið rétt að
farið, en frá þessum aðilum hefði helzt
verið mótmæla að vænta. Þá hafa og
a.m.k. tvö stórveldi: ~~Stóra~~ Bretland og Bandaríki Norður-Ameríku,
viðurkennt hina nýju réttarstöðu landsins. Um afstöðu annarra
stórvelda er því miður öllu meiri
óvissa, en mótmæli hafa hvergi
komið fram.

Innanlands hafa þó heyrst
raddir um, að enn róttækari ráðstafanir hefði átt að gera, annað hvort

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar í stað eða a.m.k. mjög strax. Skal sagt um það eitt, að nokkur rök hefði mátt færa fyrir því að fara svo að. En gagnrökin hljóta að verða þyngri á metunum. Má því fyrst og fremst benda á, að þar sem Íslendingar eru vopnlaus þjóð og varnarlausir verða þeir umfram allt að gæta vel þeirrar einu varnar, sem þeir hafa, en það er að ganga hvergi á rétt annara og styðja allar gerðir sínar við ströngustu réttarákvæði. Svo var gert í þeim ályktunum, sem samþykktar voru, en frekari aðgerðir hefðu orðið umdeilanlegar, þó að styðja hefði mátt þær við nokkur rök. Aðrar ástæður, sem einnig eru veigamiklar, knúðu og að sömu niðurstöðu, en þar sem sú, er nefnd var, er ærin nóg, skal þetta mál eigi rakið frekar að sinni.

III.

Þau rök, sem á hefir verið drepið, sýna, að aðgerðir Alþingis 10. april voru bæði nauðsynlegar og réttmætar.

~~[illegible]~~

En það var enn fleira, sem olli því, að fyrir mönnum með samþykkt þeirra. Á þau viðbótarrök var þá hvergi minst, en nú virðist eigi lengur ástæða til að draga dul á þau.

Meðan ríkisstjórnin var að láta ganga frá orðalagi hinna umgetnu þingsályktana síðari hluta dags 9. april barst henni bréf frá brezkum stjórnvöldum. Þar er sagt, að brezka stjórnin óttist, að með tilliti til hjálpar ~~[illegible]~~ Noregs hertöku

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Danmerkur sé atstaða Íslands orðin mjög viðsjárverð. Segir síðan orðrétt: „Hversvegna hefir breska stjórnin ákveðið að hindra það, að Ísland hljóti sömu örlög og Danmörk, og mun gera hverja þá ráðstöfun, sem nauðsynleg er til þessa. Slík ráðstöfun kann að útheimta það, að bresku ríkisstjórninni verði veittar vissar tilslakanir á sjálfu Íslandi. Breska stjórnin gerir ráð fyrir, að íslenska ríkisstjórnin muni í eigin þágu veita slíkar tilslakanir jafnskjótt og breska ríkisstjórnin kann að [redacted] þarfnast þeirra, og að hún muni fúslega fá samvinnu sína við bresku ríkisstjórnina sem hernaðaraðili og bandamaður."

Með þessu virtist að því komið, sem óttast hafði verið, að Ísland yrði [redacted] á einn eða annan veg dregið inn í styrjöldina. Allur aðdragandi þessa benti mjög til, að samband Íslands við Danmörku að venjulegum hætti, að svo var komið. Herti þetta mjög á mönnum um að rjúfa þegar, a.m.k. um stundarsakir, þau tengsl, sem mesta hættuna hlutu að skapa, sem sé meðferð íslensks konungsvalds í Danmörku, umboð Danmerkur til meðferðar íslenskra utanríkismála og landhelgisgæslu. Það var einkum þetta, sem vakti fyrir mönnum með að breyta svo afgreiðslu umgetinna atriða, að þær voru samþykktar strax

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afgreitt 10. apríl, eftir samþykkt þeirra var ekki framar hægt að nota samband Íslands við Danmörku sem átyllu fyrir hernámi landsins, þó að sú hætta, sem stafaði af því, að það sjálft væri talið hafa hernaðarþýðingu, ~~héldist vitanlega~~ (/vitanlega héldist).

Þegar framkvæmt því, sem þessum ályktunum varð gert, var íhugað, hvernig svara skyldi hinni bresku orðsendingu, og gerði ríkisstjórnin það með bréfi 11. apríl. Í bréfi þessu er lögð áhersla á vináttu Breta og Íslendinga, en um orðsendinguna sjálfa segir svo:

„Afstaða Íslands er hins vegar sú, að þegar sjálfstæði Íslands var viðurkennt 1918, lýsti það yfir ævarandi hlutleysi og er auk þess vopnlaust. Ísland vill því hvorki né getur tekið þátt í hernaðarlegum aðgerðum eða gert bandalag við nokkurn hernaðaraðilja.

Þó að íslenska ríkisstjórnin dyljist ekki, að íslenska þjóðin er þess ekki megnug að verja hlutleysi sitt, vill hún taka það skýrt fram, að hún mun mótmæla hverskonar aðgerðum annarra ríkja, sem í kynni að felast brot á þessari stefnu yfirlýsingu. Ríkisstjórnin lætur í ljós þá einlægu von, að með því að fylgja reglum strangrar hlutleysis, verði komist hjá allri hættu um skerðingu á því."

Stefna sú, sem í þessari orð-
sendingu íslensku stjórnarinnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kom fram, er ótvírætt mótmælt af allri afstöðu og sögu íslenzku þjóðarinnar. Og því síður gat til mála komið að víkja frá henni, þar sem báðir aðalófriðaraðilarnir, Englendingar og Þjóðverjar, átti hafa hvor að sínu leyti sýnt Íslendingum fulla vinsemd. Íslenzka þjóðin í heild á ekki annars en góðs að minnast frá skiptum sínum við báðar þessar þjóðir. Einstakir menn hafa auðvitað ólíkar skoðanir um ágæti hvorrar um sig og e.t.v. samúð fremur með annarri en hinni. Hefur m.a.s. miklu meira að þessu kveðið, einnig opinberlega, en góðu hófi gegnir, en það getur að sjálfsögðu engu breytt um heildar afstöðu þjóðarinnar.

Eigi varð úr því þegar í stað eftir 9. apríl, að brezkur herafli væri settur hér á land, eins og menn þá töldu mjög yfirvofandi. Hins vegar var vitað, m.a. vegna yfirlýsingar Churchills í þá átt í neðri deild brezka þingsins, að brezkir stjórnmálamenn voru [redacted] að íhuga afstöðu Íslands. Full ástæða er til að ætla, að þeir hafi um það haft samráð við Bandaríkjamenn, og að þeir atburðir, sem síðar gerðust, hafi a.m.k. verið með vitund þeirra.

Í skotum kom þegar fram, að það mundi að nokkru vera komið undir úrslitum viðureignarinnar í Noregi, hvað um Ísland yrði. Ef

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Englendingar hrektu Þjóðverja þaðan, þá mundu þeir ekki hafa verulegan hag af því að taka Ísland. En ef þeir aftur á móti gerðu það ekki, þá mundi þeim miklu meiri nauðsyn en ella að hafa hér bækistöðvar. Hvort sem þessar hugleiðingar hafa verið réttar eða ekki, þá var það eigi fyrr en eftir það, að í ljós kom, að Bretar gátu ekki náð fótfestu í Noregi, að þeir hófu aðgerðir hér á landi.

Aðfaranótt 10. maí var brezkur herafli settur á land í Reykjavík. Sama dag gekk hinn nýskipaði sendiherra Breta fyrir íslenzku ríkisstjórnina og fullvissaði hana um, að hinn brezki herafli yrði hér ekki stundinni lengur en styrjaldarnauðsyn krefði, enda myndu Bretar á engan hátt hafa afskifti af stjórn landsins.

Síðan sama dag afhenti íslenzka ríkisstjórnin sendiherranum mótmæli og segir þar m.a.:

„Út af atburðum þeim, sem gerðust snemma í morgun, hernámi Reykjavíkur, er hlutleysi Íslands var freklega brotið og sjálfstæði þess skert, varðar íslenzka ríkisstjórnin að vísa til þess, að þann 11. apríl s.l. tilkynti hinni brezku ríkisstjórninni formlega --- afstöðu íslenzku ríkisstjórnarinnar um að veita Íslandi hernaðarvernd, og samkvæmt því mótmælir íslenzka ríkisstjórnin kröftuglega ofbeldi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá, sem hinn brezki herafli hefir framið.

Þess er að sjálfsögðu vænst, að bætt verði að fullu tjón og skaði, sem leiði af þessum broti á löglegum réttindum Íslands sem frjáls og fullvalda hlutlauss ríkis".

Hinn 16. maí svaraði brezki sendiherrann mótmælum íslenzku ríkisstjórnarinnar. Segir þar m.a., að brezka ríkisstjórnin hafi séð sig knúða til með hagsmuni Íslendinga sjálfra fyrir augum að koma í veg fyrir þann möguleika, að Þjóðverjar hertækju Ísland. Loks vill brezka stjórnin „einnig taka það fram, að það er fastur ásetningur hennar að kalla þennan her heim, þegar er yfirstandandi ófriði lýkur, og að hún hafi engan ásetning eða ósk um að skifta sér af núverandi stjórn landsins."

Íslendingar efast eigi um, að það sé fastur ásetningur Breta að kalla her sinn heim strax og ófriðnum lýkur. En hvenær það verður, veit enginn, né heldur, hvernig þá verður málum háttað í heiminum og hverjir með úrskurðarvaldið fara.

Hitt er víst, að með hernáminu hefir ~~[illegible]~~ fullveldi Íslands verið skert svo, að íslenska ríkið fær þar eigi með hin æðsta ráð haldið hér [illegible]
ríkis [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

litið svo á, að með hernáminu hafi aðgerðirnar 10. apríl verið ónýttar. Því fer fjarri, að svo sé. Hernámið megnaði þó ekki að forða landinu frá að vera dregið inn í ófriðinn. Afgreiðslu ályktananna frá 10. apríl var hraðað alveg sérstaklega í þessum tilgangi. En þessi tilgangur var ekki sá eini, sem fyrir mönnum vakti, enda kom hann á sínum tíma alls-ekki fram, og voru allir þrátt fyrir það sammála um, að fyrir ályktununum væru alveg knýjandi ástæður. Allar þær ástæður eru fyrir hendi enn ~~(þann dag)~~ í dag. Nauðsynin á því, að hið æðsta vald íslenskra málefna væri innanlands, hefir aldrei verið meiri en nú, enda konungi ~~[illegible]~~ síður kleift en áður að gegna því. Sama er um meðferð utanríkismála og landhelgisgæslu. Svo erfitt sem það hefði verið, ef Danmörk hefði átt að fara með þessi mál frá 10. apríl til 10. maí, þá er það alls-endis ómögulegt eftir þann tíma. Gildi ákvarðananna er hinsvegar miklu meira en ella, vegna þess, að þær voru teknar fyrir hernám Breta en ekki eftir. Ef þá fyrst hefði verið hafist handa um þær, þá hefði verið erfitt að sannfæra mótherjana um, að þær væru ekki beinlínis gerðar að undirlagi Breta, meðal annars til ögrunar hinum ófriðaraðilanum. Nú verður hinsvegar ekki um það efast, að þær [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

IV.

tekinn vegna nauðsynjar Íslands sjálfs
og til að sýna sjálfstæðisvilja lands-
manna gagnvart hverjum, sem ~~[illegible]~~ það.
~~[illegible]~~] kunni að telja sér nauðsyn, á að skerða ~~[illegible]~~.

Athugendur þessir segja enn
hjásonan en menn höfðu gert sér í hug-
arlund, að Íslendingar ráða ekki
sjálfir örlögum sínum nema að

litlu

~~pólitískan~~ leyti. En þá ótvíræðara
er þó hitt, að ekki finna þeir ekki
hjá sambandsríki sínu, heldur stafar
einungis aukin hætta af sam-
bandinu. Hvar er þá hjálpar að
vænta?

Hvergi nema hjá oss sjálf-
um. Þegar í hernaðarbaráttu~~n~~ slær á

þjóð

hver þjóð með að hugsa um sjálfa
sig. Um samvinnu Norðurlanda
hefir mikið verið talað á undan-
förnum árum. Sú samvinna var
ekki gerð, að í hernaðarbandalag
~~honum~~ vildu, hvorki þessar þjóðir ganga né gætu ~~þessar þjóðir~~
~~gengið~~. En að öðru leyti áttu þær

gengið.

að standa saman í orði og verki,
og þær þrengri voru látnar berast
hingað til lands, að ef Íslendingar
slitu sambandinu við Dani, þá
mundi þeim verða ofaukið í hinni
norrænu samvinnu. Í orði og var
verki á haldgæði ~~[illegible]~~
~~hinna~~ fögru orða. Ekki höfðu fögru
orðin verið sum fyrirheitin ~~talin~~,

haldnar í veislusölunum

en í apríl í vor var það ~~fyrst~~ lífs-
nauðsyn, að forseti norska Stór-
þingsins [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Stokkhólmi til afstöðu föðurlandi sínu. Það var fyrsta ræðan um norræna samvinnu, sem verulega þýðingu gat haft, en hún var líka sú fyrsta, sem hörmuð var. Eftir það verður það eigi notað sem ögrun gegn mönnum, að hann eigi í hættu að fá eigi framar að taka þátt í norrænni samvinnu.

Þetta er eigi sagt í ásökunarskyni. Alveg hið sama kom fram [illegible] og alveg hið sama mun ætíð koma fram, hvenær sem á reynir. Slíkt er dapurleg staðreynd, en það er staðreynd engu að síður, og staðreynd, sem nauðsynlegt er að þekkja.

„Íslendingar megna að vísu lítils. En yfir einu ráða þeir og það er ~~velja~~ eigin vilja. Á meðan viljinn til fulls sjálfstæðis er vakandi er enn von um batnandi tíma. En ef sá vilji hverfur, hlýtur þjóðernið sjálft, það, sem einkennir oss frá öllum öðrum og gefur ~~oss~~ sitthvert gildi, að hverfa þar með. Viljinn verður því að vaka." Örlögin kunna að verða oss óblíð en látum það eigi sannast, að það verði sjálfum oss að kenna.

Inn í framtíðina þýðir eigi að skyggnast. Vér höfum lengi haft ráðagerðir um að afnema síðustu ~~lögf~~ leifar erlends valds á tilteknu ári. Atburðirnir knúðu oss til að gera það fyrr en ætlað hafði verið, ~~en~~ [illegible] en verið voru á oss lagðar nýjar byrðar.

að vegna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skamma stund.

í ársbyrjun 1941

í vináttu

Nú er

niðurfelli sambandslaganna

þrátt fyrir það eigum vér að halda sömu stefnu sem ~~og~~ áður hefir verið. Vér verðum að treysta því, að hinar nýju hömlur á sjálfstæði voru ~~ríkisins~~ standi einungis ~~[illegible]~~. Ef svo skyldi fara, að hinum ægilega hildarleik lyki bráðlega og unt væri á ný að (~~[illegible]~~) ná eðlilegu sambandi við konung vorn og sambandsríki, þá mundu ~~[illegible]~~ aðgerðirnar 10. ~~apríl~~ verða feldar úr gildi, nema samkomulag náist um að halda þeim áfram. En þótt þær féllu niður, þá mundi það einungis verða um stundarsakir. Allir Íslendingar mundu þá verða sammála um að nota fyrst endurskoðunarákvæði sambandslaganna og síðan uppsagnarákvæðið strax og heimild er til þess, eftir árslok 1943. Til þessa mundi þó naumlega eigi koma. Dönum getur eigi framar en oss dulist, að sagan hefir kveðið upp sinn dóm, og það best er ~~[illegible]~~ að jarðsetja það, sem þegar er dautt. ~~Á tvennan hátt sem niðurfelli sambandslaganna [illegible] yrði fyrir komið~~ virðist alveg ótvírætt, að samfara ~~þeim~~ mundi konungssambandið einnig rofna ~~[illegible]~~, og verða Íslendingar því nú þegar að íhuga, hvernig þeir vilja láta koma hinu æðsta valdi fyrir.

Vera kann og, að ófriðurinn standi enn um ~~stund~~ stund, og e.t.v. lengi. Frá upphafi var gert ráð fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því, að ef skipun, sem var á gerð 10. apríl, væri einungis til bráðabirgða. Verður og ekki á móti því mælt, að ef það ástand, sem nú er, helzt lengi [illegible] eru forsendur sambandslaganna fallnar brott, og geta Íslendingar þá ekki lengur verið bundnir af þeim. Einkanlega þætti ~~þetta talið verða ljóst~~, ef ekki væri unnt að byrja á samningum um endurskoðun á sambandslögunum á árinu 1941, þó að Íslendingar gerðu kröfu um það skv. 18. gr. sambandslaganna.

hægi væri að álykta á þessa leið

Ef þau atvik yrðu fyrir hendi, sem tvímælalaust sýndu, að Íslendingar væru ekki framar bundnir af sambandslögunum, mundi eðlilegast, að Alþingi og handhafi konungsvalds gæfu yfirlýsingu þess efnis, og síðan yrði þjóðaratkvæðagreiðsla hennar til staðfestingar látin fara fram, með hliðsjón af 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt þessu þyrfti Alþingi að samþykkja nýja stjórnarskrá, ~~síðan~~ þingrof að fara fram, nýjar kosningar, hið nýkosna Alþingi að ~~stað~~ samþykkja stjórnarskrárfrumvarp fyrra þingsins og handhafi konungsvalds að staðfesta það.

V.

Um efni þessa stjórnarskrárfrumvarps skal eigi fjölyrt hér. Á það skal einungis bent, að tvennt er til. Annaðhvort að gera einungis þær breytingar frá núverandi ákvæðum, sem óhjákvæmilegar verða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegna brottfalls sambandslaganna og annars fyrirkomulags á meðferð hins æðsta valds, og hafa það þó sem líkast því er var meðan konungur fór með það, og að öðru leyti einungis nauðsynlegar formbreytingar eða leiðréttingar. Eða að taka stjórnarskrána til gagngerðrar endurskoðunar, einmitt þau atriði, sem ágreiningurinn er um, og mjög hæpið er, að til frambúðar sé.

Fyrri aðferðin er óneitanlega greiðfærari. En karlmannlegra sýnist að velja hina. Í stjórnarskránni eru veigamikil atriði, sem verðum að telja hæpið, að lengur eigi við, þó að áður hafi verið réttlætanleg. Má þar til dæmis nefna deildaskiptinguna. Enn önnur eru slík, að mikill hluti landsmanna telur þau fullkomið ranglæti, og á það auðvitað ljóst og greinilegast við um kjördæmaskipunina. ~~[illegible]~~ En sannast sagt við því búið, að ef ekki verður í tíma á löglegan hátt leiðrétt um ~~það~~ sá alvarlegi grundvöllur undir valdaskiptingunni í landinu, sem með henni er lagður, þá muni það áður en langt um líður leiða til enn meiri ólgu á hinn bóginn. Loks er það mjög athugandi, hvort Íslendingar telja það ekki alltof sjálfsagt að halda fast við þingræðisfyrirkomulagið eins og það hefir komist á hér eftir 1904.

Auðvitað dettur mér eigi í hug ~~[illegible]~~ gera tillögu um ~~að bregða upp á~~ afnámi ~~þingræðisfyrirkomulags~~ lýðræðisins hér á landi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En þingræðið er einungis ein mynd lýðræðisins og mjög ófullkomin, að hún sé sú happilegasta. Að minsta kosti hafa Bandaríki Norður Ameríku ekki litið svo á, en þau eru nú voldugasta lýðræðisríkið í veröldinni. Þar er forsetinn kosinn af þjóðinni og hann útnefnir ráðherrana, sem eru þinginu óháðir. Með þessu er mikið vald lagt í hendur einum manni, meira en vér Íslendingar mundum þola nokkrum manni til lengdar.

En þingræðið í sömu mynd og hér, hefur heldur ekki verið tekið upp hjá einni elstu lýðræðisþjóð Norðurálfunnar, Svisslendingum. Hefur þeim þó lengi verið viðbrugðið fyrir frelsisást sína og vitanlega stjórnarháttu.

Þar er framkvæmdarvaldið í höndum 7 manna stjórnar eða ráðherra. Stjórninni er skift í 7 stjórnardeildir eða ráðuneyti, og stendur einn ráðherra fyrir hverju. En ráðuneytin koma eigi fram sjálfstætt heldur einungis í nafni ~~ríkisstjórnarinnar~~ í heild. Þingið kýs ráðherrana til þriggja ára, og má endurkjósa þá. Venjulega eru þingmenn eða aðrir reyndir stjórnmálamenn kosnir. Allt frá 1891 hafa minnihluta-flokkarnir á þingi einnig átt sæti í stjórninni, þannig að samsteypustjórn hefir raunverulega átt sér stað. Stjórnin er óháð

[illegible]

Stjórnarinnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðherra heldur sæti sínu út kjörtímabilið, þó að þingið ~~hafi lýst að missa~~ hafi áður misst traust á honum. Afleiðingin verður þá sú, að hann er ekki undirkominn, og hefir slíkt þó tiltölulega sjaldan átt sér stað. Stjórnin getur ekki rofið þingið, en hefir þó raunverulega forustu fyrir því.

Forseti lýðveldisins er einn af þessum sjö ráðherrum, og ~~[illegible]~~ stendur fyrir ráðuneyti eða stjórnardeild eins og hver hinna. Þingið kýs hann til eins árs úr hópi ráðherranna, og má endurkjósa hann á næsta ári, hvort heldur sem forseta eða varaforseta. Á þessu eina ári er ekki hægt að setja hann af. Hann kemur fram út á við og inn á við fyrir hönd lýðveldisins, en hefir ekkert eigið ákvörðunarvald, heldur tekur ákvarðanir í nafni stjórnarinnar. Ef hann hefir ekki samþykki hennar fyrirfram en ákvörðun má ekki fresta, nægir samþykki eftir á. Stjórnin er ályktunarfær, ef fjórir ~~4~~ greiða atkvæði, og verða a.m.k. þrír ~~3~~ að vera með ályktun til þess að hún sé gild. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði forseta.

Með þessu svipuðu fyrirkomulagi hér á landi væri hið erfiða úrlausnarefni um forseta og samræmi í meðferð hins æðsta valds leyst fyrirhafnarlaust og á miklu kostnaðarminni hátt en ella. Sjálfsagt væri, að hlutfallskosningar væru á þingi um ráðherrastöðurnar, sem ekki þyrftu að vera fleiri en 5 eða jafnvel þrír ~~3~~. Þar með

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til skamms tíma

VI.

væri kaupstaðar verulegar líkur fyrir, at réttur minnihlutans væri eigi jafnt fyrir borð borinn og verið hefir undanfarin ár hér á landi. En jafnframt tryggt, at meirihlutinn héldi óskift úrslitaráðin og gæti komið sínum vilja fram.

Á þessi atriði er hér einungis bent til íhugunar. Mest af öllu ríður á, at hin íslenzka þjóð sé nú samhent og láti engan innri klofning eða veilur verða öðrum afsökun til íhlutunar um hennar hagi og framtíð.

Óvissan er mikil og örðugleikarnir munu láta óvitanlega ekki á sér standa. Eitt bendir þó sterklega til þess, at vér séum eigi með öllu heillum horfnir. Það er, at allir meginflokkar þjóðarinnar skyldu standa saman um stjórn landsins, þegar þessir örlagaríku atburðir gerðust. Þeirri samvinnu er um margt ábótavant og má vel vera, at flokkarnir þykist eiga högg í annarra garð fyrir ýmislegt, sem þar hefir komið fram. En um meginatriðið, at reyna at forða þjóðinni frá hinni mestu hættu, sem yfir hana hefir komið öldum saman, hafa allir reynst samtaka.

Ef þau samtök haldast, og ef þau mætti styrkja einn í einbeittan vilja þjóðarinnar til algers sjálfstæðis, höfum vér eigi látið vort eftir liggja
síðan [illegible] gæt og gæfan
[illegible]

Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greinargerð.

Í frv. þessu eru fyrst og fremst gerðar þær breytingar á stjskr., sem leiða af niðurfalli dansk-íslenzkra sambandslaga og af því, að forseti kemur í stað konungs. Aðrar breytingar miða ýmist að því að gera ákvæði stjskr. skýrari eða eru einungis orðalagsbreytingar, vegna þess að svo hefir verið talið betur fara.

Um I.

Um 1. gr.

Hér er sagt hvert stjórnskipulagið skuli vera. Lýðveldisstjórn kemur í stað konungsstjórnar áður. Eftir sem áður er tekið fram, að stjórnin skuli vera þingbundin, og er það nauðsynlegt m.a. til þess að þingið haldi rétti sínum til áhrifa á skipun og lausn ráðherra.

Um 2. gr.

~~[illegible]~~ Efnisbreyting er sú, að forseti kemur í stað konungs. Þá er og leitast við að orða betur en áður, hverjir í raun og veru fara með framkvæmdarvaldið.

Um II.

Um 3. gr.

Samkvæmt óskum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að sameinað alþingi kjósi forseta. Hniga sterk rök að þessu m.a. þau, að á þennan veg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

verður minni truflun af kosningu nýs forseta en verða myndi, ef hann væri kosinn með alþjóðaratkvæði. Fer einnig vel á því, að Alþingi kjósi forseta, þar sem ~~sama~~ atburðir eru nú, að það haldi sama valdi í málefnum ríkisins og það hefur haft, og forseti verður því háður þinginu með svipuðum hætti og konungur nú er í framkvæmd.

Um 4. gr.

Ekki þykir hlýða, að yngri maður en 35 ára gamall geti orðið forseti, því að til starfans þarf, auk margs annars, lífsreynslu og mannþekkingu, sem ekki fæst nema með nokkrum aldri. Það er rétt fyrir, að forseti megi hvorki vera sviftur fjárræði né hafa verið sviftur kosningarrétti til alþingis með dómi í opinberu máli, en slíkt mundi eigi verða gert, nema maður hafi framið refsiverðan verknað svívirðilegan að almenningsáliti. Þessi skilyrði sýnast ~~[illegible]~~ eigi geta orkað tvímælis. Hitt er a.t.v. vafamál, hvort rétt sé að krefjast þess af forseta, að hann sé íslenskur ríkisborgari. Ótækt sýnist þó að krefjast ekki þessa um hina æðstu virðingarstöðu í ~~[illegible]~~ ríkinu. Enda er hægur hjá, ef alþingi vill gera þann forseta, sem ekki er ríkisborgari, ~~að forseta~~ að veita honum fyrst borgararéttinn með lögum og kjósa hann síðan. Aftur á móti virðist ástæðulaust að krefjast undanfarinnar búsetu af forseta

3

Um 5. gr.

Rétt sýnist að gera all-strangar kröfur um fundarsókn og þátttöku í atkvæðagreiðslu þegar forseti er kosinn. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar sniðin eftir fyrirmælunum um kosningu forseta Alþingis.

Um 6. gr.

Álitamál er til hve langs tíma kjósa skuli forseta, en með því að hafa kjörtímabilið nokkuð langt skapast ~~[illegible]~~ líkur fyrir aukinni reynslu forseta í starfinu, og truflanir vegna tíðra forsetaskifta verða minni. Í 11. gr. eru hinsvegar fyrirmæli um að koma megi við ófærum forseta, svo að kjörtími hans sé ekki [illegible].

Um 7. gr.

Sjálfsagt sýnist, að sá, sem kosinn er í stað forseta, er deyr eða lætur af störfum, áður en kjörtími hans er lokið, sé kosinn til fulls kjörtímabils.

Um 8. gr.

Eðlilegt er, að æðstu handhafar hinna þriggja greina ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds, fari með vald forseta, þegar hans nýtur ekki við, og er það hér lagt til.

Um 9. gr.

Bezt fer á því, að forseti gegni yfirleitt ekki öðrum störfum en forsetastarfinu, og er í fyrri mgr. leitast við að [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að forseti megi þó hafa með höndum ólaunuð trúnaðarstörf, t.d. varðandi mannúðarmál o.fl. Þá mundi, og t.d. vísindamanni vera heimilt að vinna að rannsóknum sínum, rita um þau og taka fé fyrir, skáldsagnahöfundi að rita skáldverk og fá ritlaun o.s.frv.

Fyrri hluti síðari mgr. er hliðstætt því, sem um konung hefir gilt. Síðari hlutinn er aftur á móti nýmæli í íslenzkum lögum. Er ákvæðið miðað að því að hindra, að fjárhagslegum þvingunarráðstöfunum [~~[illegible]~~] verði beitt gegn forseta eða alþingi eftir á vegna með þessum hætti að ná sér niðri á forseta. Með fyrirmælinu er einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði, en engan veginn tryggt, að kaupmáttur krónanna haldist óbreyttur.

Um 10. gr.

Samsvarar því, sem um konung hefir gilt.

Um 11. gr.

Rétt virðist, að forseti og þeir, er störfum hans gegna, séu ábyrgðarlausir á stjórnarathöfnum eins og konungur hefir verið, enda á valdið eftir sem áður í raun og veru að vera í höndum ráðherra ~~hjá ráðherrunum~~. Hinsvegar þykir ástæðulaust, að forseti sé ábyrgðarlaus, ef svo ólíklega fari, að hann ~~forseti~~ gerði sig sekan um refsiverðan verknað utan embættis síns. Nauðsynlegt er þó að firra ~~[illegible]~~ forseta óþarfri áreitni, og er því áskilið, að samþykki alþingis þurfi til þess, að hann verði sóttur til refsingar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Harðsnúnast er, að þau atvik beri að höndum, að ótækt sé, að forseti gegni lengur starfa sínum, en hann fáist þó ekki til þess með góðu að láta af honum. Alþingi verður því að hafa heimild til þess að svifta hann forsetatigninni, en jafnframt verður að búa svo um, að ekki sé hvatvíslega ~~að~~ ~~gjört~~ : það ráðist né ákvörðun um það tekin, nema mikill meirihlutiþingmanna sé því fylgjandi. Þessu er reynt að ná með ákv. 3. mgr. 11. gr.

Um 12. gr.

Sjálfsagt þykir, að embættisaðsetur forseta sé í höfuðborg landsins, Reykjavík. Ákv. hindrar auðvitað ekki, að forseti megi hafa sumarbústað o.þ.h. annarsstaðar.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að efni hin sömu og nú gilda.

Um 14. gr.

Hér segir, að ráðherrar beri ábyrgð á embættisrekstri sínum, þar sem nú er sagt, að þeir beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Breytingin er í samræmi við réttari skilning á núgildandi ákvæði. Að öðru leyti eru fyrirmælin hin sömu og áður.

Um 15.–20. gr.

Efnisbreytingar eru þær einar, sem leiðir af því, að forseti kemur í stað konungs. Að öðru leyti hefir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

sem svo hefði þótt betur fara.

Um 20. gr.

Ákvæði stjórnarskrárinnar um embættismenn eru nú mjög ófullkomin og óljós og er hér leitast við að bæta úr því.

Fyrirmælin um veitingu embætta, skilyrði fyrir skipun og lausn(?) eru hér sömu og áður [að efni].

Það nýtt er ákveðið að setja þarf reglur um, hverjar bætur embættismaður skuli fá, ef embætti hans er lagt niður, hann er vikinn frá að ósekju eða fluttur á milli embætta. Nú mundu bætur vera, a.m.k. í venjulegum fyrirvaralausum tilfellum, fara eftir mati dómstólanna, en vitaskuld æskilegt og hagkvæmara bæði fyrir ríki og embættismann, að fyrir fram séu settar um þetta reglur.

~~Sé ákveðið svá, að hann sem [illegible] embættis nýja embættis og hinn tiltekni launahluti hins fyrra embættisins [illegible]~~ Er frá gert ráð fyrir, að launum þess embættismanns, sem vikið er frá að ósekju, sé jafnt þess, er embætti hans er lagt niður. Sá, sem ekki vill hlíta því að vera fluttur á milli embætta fær aftur á móti minni bætur, vegna þess að hann á kost á að halda embætti með a.m.k. sömu tekjum og hinum fyrri hlunnindum.

Svá, sem frá er vikið, vegna þess að hann hefir brotið af sér, fær vitanlega engar bætur.

Um einstök atriði má geta þess, að ákvæðinu um, að maður, sem fær nýtt embætti á hinum tilskilda tíma, megi ekki í sameiginlegum tekjum

7.

nýja embættisins og hins tiltekna launahluta hins fyrra fara. Gæti tekjum þess, getur engan veginn, að hann megi ekki fá nýtt embætti, sem hefir tekjur fyrst en hinn fyrra. Ef svo er fellur launahluti fyrra embættisins einungis alveg niður.

Niðurlags ákvæði er skipan, að samsvarandi ákvæði er nú, er hið sama að efni.

Um 21. gr.

Sú ein breyting er gerð, að forseti kemur í stað konungs.

Um 22. gr.

Í þessari grein er að breyttum forseta undantekningum einungis um að veita undanþágu-breytingar frá fyrri áður.

Um 23. gr.

Hér er undanþágu nokkuð vikið við, en efnisbreyting er sú ein, auk þess að forseti kemur í stað konungs, að nú þingi má ekki fresta nema einu sinni án samþykkis Alþingis, þar sem áður mátti ekki fresta því nema einu sinni á ári. Það fyrirmæli er óljóst og ógreinilegt hitt bæði heppilegra að efni og með öllu óþarft að formi.

Um 24. gr.

Nokkurs tvímælis hefir þótt orka um það, hvort skylt væri að láta þingkosningar fara fram innan tveggja mánaða frá þingrofi eða hvort nóg væri að auglýsa þær og boða til þeirra innan þessa tíma. Síðari [illegible] hefir [illegible] af mörgum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8 ..

og er hér í samræmi við það þessi tveggja mánaða frestur alveg felldur niður. Í stað þess er ráðherranum að viðlögðri ábyrgð gert að skyldu að sjá um, að nýjar kosningar fari fram svo fljótt sem föng eru á, en það, hvað bráðlegur tími skuli teljast í þessu efni, getur mjög farið eftir atvikum hverju sinni, árstíðum osfrv. Hinu er haldið, að Alþingi skuli koma saman innan átta mánaða frá þingrofi, enda hefir sá frestur ætíð haft miklu meiri þýðingu en hinn. Í frv. er þó búið enn tryggilegar um en áður, þar sem ætlast er til, að verði misbrestur á því, að alþingi verði stefnt til funda innan þessa frests, þá geti það, þegar að honum loknum, komið saman af sjálfsdáðum, en fram að þessu hefir verið talið, að það gæti þingið ekki gert fyrr en á hinum reglulega samkomudegi sínum.

Um 25. gr.

Eina efnisbreytingin er sú, að forseti kemur í stað konungs.

Um 26. gr.

Ekki hefir þótt fært að veita forseta algert synjunarvald eins og konungur hefir haft. Forseta er einungis fengin réttur til að skjóta lagafrumvörpum alþingis undir alþjóðaratkvæði. En þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meirihluta við atkvæðagreiðsluna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9

Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef ~~[illegible]~~ mál er mikil-vægt ~~[illegible]~~, gæti hæglega af synjuninni leitt slíkt ósamkomu-lag milli forseta og ráðherra, að til ~~[illegible]~~ ráðherraskifta eða annarra aðgerða Alþingis kæmi.

Um 27. gr.

Hér er boðið að birta skuli lög, og felst í því, að ~~[illegible]~~

landslýðurinn skuli ekki fara

eftir óbirtum lögum. Það er rétt fyrir, að um birtingarháttu og framkvæmd laga sé kveðið á í landslögum og er það réttara en það, sem áður segir, þar sem vitað er, að hvorki birting né almenn framkvæmd laga hefir í raun og veru verið í höndum konungs. Á það skal bent, að brýn nauðsyn er til, að lagaákvæðin um birtingu laga verði endurskoðuð og samin á ný.

Um 28. gr.

Ákvæðin um bráðabirgðalög eru,

, að konungi undanteknum,

óbreytt frá því, sem verið hefir, að öðru leyti en því, að óverulegar orðalagsbreytingar eru gerðar.

Um 29. gr.

Fyrirmælin um ~~[illegible] að saksókn skuli niður falla~~

niðurfall saksóknar

, náðun og almenna uppgjöf saka eru að efni til óbreytt, nema að forseti kemur í stað konungs.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 30. gr.

Ekkert er til, að forseti veiti undanþágur frá lögum í stað konungs áður. Á hinn bóginn er ekki sérstaklega minst, þar sem þau ~~[illegible]~~ í þessu sambandi verða tvímælalaust greind frá undanþágum.

Um III.

Um 31. gr.

Ákvæðin um skipun alþingis eru alveg óbreytt frá því, sem fyrir var mælt í stjskr. 1934.

Um 32. gr.

Því er bætt við ~~[illegible]~~ fyrirmælin um deildaskiftingu alþingis, hvernig þingmenn efri deildar skuli kosnir. Hér er ekki slíkt grundvallaratriði að ræða, að sjálfsagt er að mæla fyrir um það í sjálfri stjskr., þó að það hafi fallið niður úr gildandi stjskr., vafalaust fyrir vangá.

Um 33. gr.

[~~Þar sem gert er ráð fyrir, að jafnrétti danskra ríkisborgara við íslenska hér á landi falli niður,~~] Þar sem þær breytingar eru á orðnar, að ekki þykir lengur ástæða til ~~þykir~~ að halda fimm ára búsetuskilyrðinu fyrir kosningarrétti ~~[illegible]~~ er ~~þá~~ látið nægja að krefjast búsetu síðasta árið áður en kosning fer fram. Skilyrðið um óflekkað mannorð hefir ætíð verið nokkuð óákveðið, og virðist heppilegra, að svo sé kveðið á, að menn ~~af~~missi kosningarrétt, ef svo er berum orðum sagt ~~[illegible]~~ með dómi í opinberu máli. Fer það þá eftir hegningarlögum hverju sinni, hvenær dómur

um kosningarréttarskilyrðin vísast enn fremur til ákv. um stundarsakir.

kveður svo á, sbr. nú 3. málsgr. [illegible] gr. almenna hegningarlaga frá 1940. Loks er niður fellt skilyrðið á því, hver teljist hjú síns vistanda, en sú skipun á vitanlega ekki við, eftir að þetta ~~[illegible] ekki lengur talið sem~~ kosningarréttarskilyrði ~~[illegible]~~ er ekki lengur sett.

Um 34. gr.

Ákvörðun kjörgengisfyrirmælanna er að nokkru stytt frá því, sem verið hefir. Þá er því bætt við, að ef sakadómari ríkisins verði skipaður, skuli hann ekki fremur en umboðsstarfslausir dómendur vera kjörgengur til alþingis. Ef slíkur sakadómari verður skipaður, mundi það gert til þess að koma ákæruvaldinu úr höndum pólitískra valdhafa, og er þá rétt að búa svo um, að sem minstar líkur séu til, að það takist.

Um IV.

Um 35. gr.

Berum orðum er sagt, að það er einungis samkomudagur alþingis, sem breyta má með lögum, en ekki öll ákv. greinarinnar, eins og orðalagið áður gaf í skyn, þó að önnur niðurstaða væri fundin með lögskýringu. Þá er forseti að sjálfsögðu látinn koma í stað konungs um þingkvaðningu.

Um 36. gr.

Fyrra ákv. er óbreytt.

Um 37. gr.

Forseti kemur í stað konungs og að öðru leyti smávægileg orðabreyting frá fyrra ákvæði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.

Um 38. gr.

Nú er hverjum þingmanni fenginn frumkvæðisrétturinn að lögum og öðrum samþykktum. Með þessu er vikið frá því, sem áður var, að hvor þingdeild hafði þenna rétt. Í framkvæmd hefir þó hver einstakur þingmaður haft rétt inni, enda er það samkvæmt þingsköpunum, þar sem nokkur tímatakmörk eru sett þessum rétti. Gert er ráð fyrir, að þau takmörk haldist.

þó

Það er ljóst, að eftir að frumvörp til gjörókunnar samþykkta hafa nú um langt skeið verið flutt í sameinuðu þingi, að nokkru skv. beinni fyrirskipun þingskapa, á ekki framar við að áskilja deildunum þenna rétt. Hvort frv. skuli borin upp þar annars eftir öðrum ákv. stjskr. og fyrirmælum þingskapa. Alveg er fellt niður ákvæðið um ávörp, enda er það nú óþarft, þar sem það einnig komast undir aðrar samþykktir en lagafrv., ef á þyrfti að halda.

Um 39. gr.

Tekið er fram berum orðum, að bæði sameinað þing og hvor þingdeild geti skipað nefndir, í stað þess að áður var einungis hvorri deild fenginn rétturinn. Sú takmörkun fékk þó ekki staðist, a.m.k. ekki nú orðið, og er breytingin því gjörð sögð. Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 40. – 47. gr.

Í greinum þessum eru að efni til

[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greinum núgildandi stjskr. Einungis er á nokkrum stöðum vikið við orðum, þar sem svo hefir þótt betur mega fara.

Um 48. gr.

Síðari mgr. veitir öllum opinberum starfsmönnum rétt til að þiggja kosningu til alþingis, án samþykkis yfirboðara sinna, þar sem embættismönnum einum hefir fram að þessu verið fenginn þessi réttur berum orðum, þó að hinir hafi sennilega notið góðs af ákvæðinu fyrir ályktun per analogiam. Ef ágreiningur yrði, mundu það að lokum verða dómstólarnir, sem úrskurðarvald ættu um, hvort stöðunni væri gegnt á viðunandi hátt.

Um 49. gr.

Í samræmi við miklu minni þýðingu deildanna en í fyrstu var, er sameinað alþingi látið hafa ákvörðunarvald um, hvort afsala eigi í einstökum tilfellum hinni sérstöku vernd þingmanna. Þá er fyrri mgr. orðuð um í samræmi við þann skilning, sem ætíð hefir verið í ákvæðið lagður. Þó heimilar orðalagið „refsivert brot" aðgerðir gegn þingmönnum í fleiri tilfellum en meðan um „glæp" var talað, en það orðalag var of óljóst.

Um 50.-51. gr.

Þessar greinar eru með mjög óverulegum orðabreytingum samhljóða [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 52. gr.

Það er berum orðum fram tekið, að þingdeildir og sameinað alþingi kjósi ritara sína og ráði forseti hvort í fleirtölu svo sem réttara er, þar sem um marga forseta ~~og að ræða~~ er að ræða.

Um 53. gr.

Hér er eldra ákv. tekið upp með öllu óbreytt. Í 45. gr. segir um fundarsköp og atkvæðamagn í sameinuðu alþingi, og þarf því eigi að geta um það í þessari grein.

Um 54.–56. gr.

Í þessum greinum er því breytt frá eldri ákvæðum, að sameinað alþingi er ákveðið nefnt jafnframt deildunum og gert þeim jafnrétthátt. Það er í samræmi við þá venju, sem á hefir komist, nema um fyrirspurnir skv. 54. gr. Þær hafa aldrei verið fluttar í sameinuðu þingi, en sá háttur sýnist nú vera orðinn alveg ástæðulaus.

Um 57.–58. gr.

Að efni til alveg samhljóða fyrri fyrirmælum en lítilsháttar orðabreytingar í fyrri greininni.

Um V.

Um 59.–61. gr.

Eldri ákvæðum um dómsvaldið og dómendur er haldið alveg óbreyttum að efni. Í síðustu greininni er orðum vikið við, vegna þess að svo hefir verið talið betur fara.

Um VI.

Um 62.–64. gr.

Trúmálafyrirmælin eru óbreytt að efni. Einungis er síðari hluta 64. gr. breytt til þess að ótvírætt verði, að það sé einungis gjald utantrúfélagsmanna, sem skipa má með lögum, en eldri greininni verði ekki breytt á þann hátt, eins og orðalagið áður gaf í skyn.

Um VII.

Um 65. gr.

Greinin er orðuð umfram það, sem áður var, aðallega til samræmis við hegningarlögin nýju.

Um 66.–78. gr.

Allar þessar greinar eru að efni til alveg samhljóða, samsvarandi fyrri ákvæðum, en á nokkrum stöðum hefir þótt rétt að breyta orðalagi.

Um 79. gr.

Þess er að geta, að síðan eru felldar tilvitnanir í dansk-íslensk sambandslög og þau ákvæði, sem á þeim byggðu. Ákvæðunum um stjórnarskrárbreytingar og kirkjuskipun er haldið óbreyttum að efni.

breytingar á

Um ákvæði um stundarsakir.

1. Rétt þykir, að þeir, sem þegar hafa öðlast kosningarrétt, vegna þess að þeir fengu hann, áður en íslenskum ríkisborgararétti var skilyrði hans eða skv. abl., haldi rétti sínum. Er það og í samræmi við ákv. um stundarsakir í stjskr. 1920.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þr-

2. Þar til kosningalögin frá 1940 ganga í gildi er kosningarréttur ekki bundinn af manni í opinberu máli. Ákvæði er nauðsynlegt til þess að þeir, sem fram að þeim tíma hafa misst réttinn, öðlist hann ekki fyrr en þeir hafa fengið uppreisn æru.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1)

Þingrof á Íslandi.

Þegar í stjórnskipunarrétti nútímans er talað um þingrof, er þar með átt við þann verknað að fella úr gildi umboð þingmanna, án þess að hið reglulega kjörtímabil þeirra sé liðið. Verknaður þessi er greindur frá þingslitum, en með þeim er fundum þingsins að því sinni hætt og störf þess falla niður án þess, að það hafi áhrif á þingmannsumboðið. Í íslenskum stjskr. hefur frá upphafi verið greint á milli þessa tvenns, sbr. annarsvegar stjskr. 1874 § 8 og 61 en hinsvegar §§ 5 og 6. Þessar greinar nota þó ekki þau heiti, sem nú eru notuð, heldur er í 8. og 61. gr. talað um að „leysa upp" þingið, og í 5. og 6. gr. [illegible] „setur það slíti eiga". Með því að „leysa upp þingið" er átt við hið sama og nú með að „rjúfa þing". Hið síðara er tvímælalaust fegurra mál og er því merkilegra, að það skyldi ekki þegar vera valið, þar sem ~~Alþ.~~ Arnljótur Ólafsson o.fl. fengu því áorkað strax 1867, að Alþingi samþykkti að nota það heiti, gagnstætt till. stjórnarinnar um að segja „leysa upp".[1] Við síðari meðferð

1) Alþt. 1867 II 570, sbr. 14 og 22.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málsins er samt þetta dönskulegra heiti notað, að síðar lengi en þá, að þingmenn 1871 og 1873 leggja áherzlu til að kalla það að „rjúfa þing" eða „slíta þingi"[1] og segja það með við hið sama. ~~Það er fyrst með setningu stjórnarskrárinnar 1920, sem það heiti, er nú er notað, var tekið upp~~ skr. 1920 gagnstætt 38, og er það í samræmi við stjórnarfrv. 1919,[2] en þá höfðu lögfræðingar þegar áður ~~[illegible]~~ notað heitið „þingrof"[3] og að „rjúfa þing"[3] í sömu merkingu og nú, en allt frá því, að Alþingi fyrst kom saman 1845 eftir endurreisn sína hefur því verið „slitið" og með því átt við hið sama og nú.[4] Þrátt fyrir ~~sama~~ þann stundum hefur átt sér stað orðanotkun, sýnist hugtökunum ekki hafa verið blandað saman, og ~~þetta~~ hann því ekki hafa komið að sök.

~~[illegible]~~

~~[illegible]~~ Þingrof stjórnskipunarréttarins á einungis við um löggjafarþing og er hingað komið á síðari hluta 19. aldar eftir brautum yfir Danmörku og víðar frá Englandi, þar sem rétturinn til þess annars saman haldi myndaðist.[5] Þingrof átti því ekki við um Alþingi hið forna, enda var skipun þess og verksvið allt

1) Alþt. 1871 II 439, 639, 647, Alþt. 1873 II 193, 267, 200, 275.
Það er fyrst í stjskrl. 1915 § 21 að talað er um að „rjúfa þing", en þá helst þó enn hið gamla heiti í stjskr. 1874 § 38. Stjórnarskráin 1920 er eftir samræmi sjálfri sér og talar á móti einungis um að „rjúfa þing" gagnstætt því að „slíta þingi".

2) Alþt. 1919 A. 95–96.

3) T.d. Lárus H. Bjarnason: Stjórnlagafræði s. 194.

4) Sbr. t.d. Alþt. 1845 s. 641 og um 1. löggjafarþingið Alþt. 1875 II 382.

5) Sbr. Knud Berlin: Opløsningsretten, þar sem ítarlegast er um þenna rétt ritað.

annað en Alþingis nú. Hin stjórnskipulega heimild konungs til þess að rjúfa þing á því ekkert skylt við það, er Hjalti [illegible] var 1238 látinn ~~[illegible]~~ hleypa upp Alþingi, sem þá þegar þótti óhæfa, enda var það nú hreint réttarbrot að vísu.

~~[illegible]~~ Heimild konungs til ~~þing~~ ~~rofs~~ að rjúfa Alþingi meðan það einungis var ráðgjafarþing, þ.e. 1845–1873, var og önnur en nú. Í Alþingistilskipuninni 8. mars 1843 var engin þingrofsheimild, heldur var í 8. gr. fyrirvaralaust að þessu leyti sagt, að ~~kosningarnar skyldu gilda um bæði~~. Þrátt fyrir þetta var Alþingi rofið, eða eins og þá var sagt „leyst upp", með o.br. 26. febr. 1869. Heimild konungs til þessa var óvéfengd. Þar sem hann þá var einvaldur í íslenskum málum gat hann afnumið Alþingi alveg og þá því fremur einungis rofið það!

Nokkuð öðru máli gegnir um Þjóðfundinn 1851. Svo sem kunnugt er var hann haldinn til efnda á konungsbréfi 23. sept. 1848, þar sem sagt var „... det dog ikke var Hensigt, at de Grundbestemmelser, der med Hensyn til Islands [illegible]

1) Sbr. Knud Berlin: Opløsningsretten s. 131 um vald konungs gegn ráðgjafarþingunum dönsku.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

være nödvendige for at ordne denne Landsdeels forfatningsmæssige Stilling i Riget, skulle endeligen vedtages, förend efter at Islænderne i en egen Forsamling derover ere hörte." Ummæli þessi voru höfð til skýringar því, að Íslendingum var ekki gefinn kostur á að velja menn á Ríkisfundinn danska eða grundvallarlagaþingið 1848. Íslendingar skildu því loforð konungs þannig, að þeir ætti að fá sinn eigin fund líkt staðan við þenna danska fund og í líkingu við þjóðfundinn franska 1789, og lofti í hann, o.m.fl. ásamt konungi, [illegible] vald til að kveða á um stjórnarskipun landsins. Danir virðast eftir á móti hafa litið á fundinn sem lítt virðulegri samkomu en hið ráðgefandi Alþingi og í raun og veru talið hann valdalausan. Í bréfi konungs til Trampe greifa

[19. maí 1851

sem konungsfulltrúa var honum falið að setja fundinn og leggja fyrir hann frumvarp konungs frv. um efni það, er í bréfinu 23. sept. 1848 ræðir, ásamt tveim frv. öðrum. En ekkert vald um stöðu konungsfulltrúa á fundinum. Loks er honum falið að ákveða hversu lengi þingsetan skuli vera og slíta þingstörfum, er honum virðist tilefni til, og á hann að senda innan-

1) Tíðindi frá þjóðfundi Íslendinga 540-543.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Slíkt fær þó með engu móti staðist. Reglur þær, sem með lýðræðisríkjum gilda um þingrof, eru ákaflega ólíkar. Í stjórnarskipun sumra þeirra, eins og t.d. Bandaríkja Norður-Ameríku, á þingrof sér als ekki stað. Þar á þingræði, á þann veg, að þingið ráði hverjir fari með ríkisstjórn, sér að vísu heldur ekki stað, og má telja skortinn á þingrofsheimild vera í nokkru samræmi við það. En í öðrum ríkjum svo sem Noregi, þar sem þingræði ríkir með sama hætti og á voru landi, hefur þingrof heldur aldrei verið löglegt. Þingrof er þannig engan veginn nein sjálfsögð afleiðing þeirrar stjórnarskipunar, sem vér eigum við að búa. Og í þeim ríkjum, þar sem þingrof er heimilað, er því fyrir komið á mjög ólíkan hátt. T.d. er það víðast þjóðhöfðinginn, sem þingrýfur. En hitt hefur einnig þekkst, að t.d. þing gæti rofið sig sjálft og að það væri rofið með þjóðaratkvæði.[1] Slíkan mismunandi reglur mætti lengi telja. En það eru ekki reglurnar einar, sem ólíkar eru, heldur ekki síður hitt, að þeim er beitt með mjög misjöfnum hætti. Um það er frægasta dæmið, að enda þótt í stjórnlögum Frakka frá 1875 sé ótvíræð heimild til þess fyrir forsetann með samþykki senatsins að rjúfa fulltrúadeildina, þá hefur lengi verið svo litið á, að sá verknaður nálgaðist mjög stjórnarbrot.[2] En það og [illegible]

1) Carl Schmitt: Verfassungslehre 355, Knud Berlin: Den danske Statsforfatningsret I. 3. Udg. s. 437 og sami Opløsningsretten 97.

2) T.d. Herman Finer: The Theory and Practice of Modern Government I 672-674. Knud Berlin: Opløsningsretten 82.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þurfi að segja, að hvorki eru þar margar réttarreglurnar, sem skilja má á fleiri en ~~einn~~ veg, og er þá ekki um annað að ræða en að láta framkvæmd þeirra skera úr. Þessar athugasemdir eiga að nægja til þess að sýna, að um þingrofsákvæðin í íslenskum rétti stoðar ekki það eitt að vita, hvernig fyrirmælunum þeirra hefur verið beitt, heldur hefur líka meginþýðingu ~~[illegible]~~ að athuga þau sjálf og framkvæmd þeirra.

Aðalákvæðið um þingrof ~~(...)~~ í stjskr. 1874 var í 8. gr. á þessa leið: Konungur getur leyst upp Alþingi, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir séu liðnir frá því það var leyst upp, og Alþingi stefnt saman næsta ár eftir að það var leyst upp. – Þetta fyrirmæli helst óbreytt þar til stjskr. 1920 gengur í gildi, en í 20. gr. hennar segir: Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofna til nýrra kosninga áður en 2 mánuðir séu liðnir frá því, er það var rofið, og Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið. – Hefur þessu síðan ekki verið breytt, og er þá eina efnisbreytingin nú frá 1874 sú, að 8 mánaða frestur frá þingrofi kemur ~~[illegible]~~ í stað næsta árs eftir þingrof áður.

Þá var í stjskr. 1874 § 14 svo ákveðið, að umboð ~~[illegible]~~ þeirra þingmanna, sem konungur kvaddi til þingsetu, skyldi gilda hið fastákveðna kjörtímabil eins fyrir því, þótt þingið væri

að verða leyst upp. Á þessu verður sú breyting með stjskpl. 1915, að konungkjörnir eru lagðir niður en landskjör sett í þess stað. Um landskjörna þingmenn er svo ákveðið í 9. gr., að þingrof nái ekki til þeirra, og helst það að efni óbreytt skv. stjskr. 1920 § 27. Með stjskpl. 1934 er landskjör í sinni fyrri mynd lagt niður, og undanþága landskjörinna þm. frá þingrofi þar af leiðandi fallið niður, sbr. 2. gr.

Loks er fyrirmælið í stjskr. 1874 § 61: Nái uppástungan um breytingar á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa Alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna Alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög. – Þessu hefur síðan verið haldið efnislega óbreyttu að efni. Sú orðabreyting, er hér hefur þýðingu, er, að í stjskpl. 1915 § 21 er talað um að „rjúfa Alþingi" í stað þess að „leysa ~~það~~ upp", og ~~helst~~ standa það óbreytt í stjskr. 1920 § 76.

L Alþingi

Sá, sem skv. framansögðu hefur þingrofsheimildina, er konungurinn. Að vísu segir ekki um það, hver eigi að rjúfa þing skv. stjskr. 1874 § 61 og stjskr. 1920 § 76, heldur einungis, að það skuli gert. En hér er ekki öðrum til að dreifa en konungi, enda vafalaust ætlast til þess, að þessi ákvæði verði skilin í samræmi við stjskr. 1874 § 8 og

L, stjskpl. 1915 § 21

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjskr. 1920 gr. 20. Hefur aldrei neinn vafi á þessu leikið og konungur ætíð rofið þing, þegar skylda hefur verið til þess. En jafnvel þó að hann léti það undan fallast, mundi þingið aldrei rofna af sjálfu sér,[1] heldur mundi slíkt geta leitt til þess, að ábyrgð yrði komið fram gegn þeim ráðherra, sem hún að réttu hvíldi á.

Því að þótt konungi sé fengin þessi réttur og skyldan á hann lögð, þá leiðir hvorttveggja vitanlega skv. reglunum ~~ss~~ stjskr. um samband konungs og ráðherra í raun og veru hjá hinum síðarnefnda. Af þessu leiddi, að á meðan ráðherra var danskur, þ.e. frá 1874 til 1904, var heimildin til að rjúfa Alþingi raunverulega hjá dönsku stjórninni. Henni var að vísu á þessu tímabili aldrei beitt, nema skylda væri til, og var það þá ~~Íslands~~ráðherra, sá, sem með Íslandsmál fór, þ.e. dómsmálaráðherrann danski, sem eðlilega undirritaði boðskap þann um ásamt konungi. Eftir að ráðherra varð innlendur, og meðan hann var einn, er ekki öðrum en honum til að dreifa. Síðan ráðherrar urðu fleiri en einn hefur forsætisráðherra undirritað þingrofsbréfið ásamt konungi. Er það eðlilegast og í samræmi við I. lið augl. 64. 1924. E.t.v. hefur þó verið litið svo á 1917–1924, að þetta heyrði dómsmálaráðherra til, því að í augl. 12. 1917[2] eru Alþingiskosningar lagðar undir þann ráðherra. Á þetta reyndi ekki, því að á þessu tímabili var forsætisráðherra ætíð jafnframt dómsmálaráðherra. Hvað sem um það

1) Hinsvegar mundu umboðin vitanlega falla niður á venjulegan hátt, þegar kjörtímabilið er úti.

2) Stjórnartíðindi 1917 B. deild 54–55

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú er það ljóst, að þau sem fulltrúar voru komnir til þessa fundar eins, skv. konungsbr. 28. sept. 1849, og höfðu ekki frekara umboð, þá hlaut það að falla niður jafnskjótt og fundinum var slitið. Þingslit hafði hér því hliðstæðar verkanir sem þingrof ella. Á hinn bóginn varð vitanlega að ætla fundarmönnunum færi á að inna af hendi um það starf, sem þeir voru komnir til. Þjóðfundurinn var settur 5. júlí 1851, en þá voru frv. þau, sem leggja skyldi fyrir fundinn ekki komin til landsins, og þeim ekki útbýtt meðal þingmanna fyrr en 12. júlí.[1] 24. júlí tilkynnir forseti, að konungsfulltrúi hafi 22. s.m. ritað sér bréf, þar sem hann segist vonast til, að fundinum geti verið lokið 9. ág. Þann dag hvetur konungsfulltrúi sér hljóðs og segir nú þann dag kominn, en hann 22. júlí hafi látið menn vita, að störfum fundarins „ætti að vera lokið." Telur hann fundinn hafa haft nægan tíma til að ræða og segja álit sitt um þau 3 mál, sem fyrir hann hafi verið lögð, og sé harla leiðinlegt, að fundurinn hafi ekki lokið álitsverki sínu og megi einungis um það kenna atferð fundarins. Enn sé samt óafgreidd frv. um stöðu Íslands í ríkinu og um kosningar til Alþingis. Nefndarálit í síðara málinu sé alls ekki komið til fundarins.[2] Í fyrra málinu hafi að vísu 2 nefndarálit komið til funda-

1) Tíðindi frá Þjóðfundi Íslendinga 1, 10-11, 52-53.

2) Nefndin afgreiddi það einmitt sama dag, Tíðindi frá Þjóðfundi Íslendinga 526-539

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ins í fyrradag.[1] En álit meiri hlutans að með þeim hætti, að fundurinn hafi ekki nokkra heimild til að taka það til umræðu, og málinu geti því ekki orðið frekar framgengt nema því verði vísað aftur til nefndarinnar til nýrrar og löglegri meðferðar. Þessi tvö mál séu því lítt á veg komin og þegar þau hafi verið lögð fyrir fundinn, og þar sem lenging þingtímans komi ekki til greina nema um fáa daga, mundi það ekki leiða til annars en aukinna útgjalda. Með skírskotun til erindisbréfs síns lýsir konungsfulltrúi því loks yfir [illegible] í nafni konungs, að fundinum sé slitið. En Jón Sigurðsson mótmælti þessari aðferð í nafni konungs og þjóðarinnar, en flestir þingmenn sögðu í einu hljóði: Vér mótmælum allir![2]

Meginþorri þjóðfundarmanna tekur í ávarpi til konungs dags. 10. ág., að með þessu móti verði talið, að málin hafi gengið lakar á þessum fundi en venja sé til á Alþingi.[3] Enda verður ekki með nokkru móti talið, þegar litið er til þess, hve hér var um stórvægileg mál að ræða, að fundurinn hafi farið sér óhæfilega hægt. Með slitum hans var því ótvírætt brotinn réttur fundarmanna til þess að láta uppi álit sitt um stjórnarskipunina. En heimild konungsfulltrúa til fundarslita hlaut að vera takmörkuð af því, að tilgangi fundarins þeim, sem markaður var 23. sept. 1848, væri náð, enda í sjálfu erindisbréfi konungs-

fulltrúa ætlast til, að álit fundarmanna á þeim frv., er fyrir lágu, væri fengið. Hitt er alveg fráleitt skv. bréfinu frá 23. sept. 1848, að fundurinn mætti ekki láta uppi eigin tillögur í málinu. Það verður því ekki hjá því komist að telja, að jafnvel þó að einungis sé byggt á orðalagi bréfsins frá 1848 og erindisbréfs konungsfulltrúa, þá hafi slit þjóðfundarins verið freklegt réttarbrot. En svo ber vitanlega því fremur að líta á, ef fallist er á, að þjóðfundurinn hafi haft helgi svipaða ríkisfundinum danska eða þjóðfundinum franska eða þvílíkum stórfundum, því að þá var hér um að ræða algert valdrán eða byltingartilraun af hálfu danskra stjórnarvalda.

Enda þótt dönsk stjórnarvöld vildu ekki á þessa skoðun fallast og í konungl. augl. 12. maí 1852 væri einungis sagt, að ekki yrði ákveðið um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, fyrr en leitað hefði verið álits Alþingis um það, skv. því, sem heitið hefði verið í tilsk. 8. mars 1843 § 79, þá má með nokkrum rétti segja, að einmitt í þingrofinu 1869 komi fram ill samviska stjórnarinnar í þessu. En þingrof þetta var beinlínis rökstutt með því, að þar sem konungur hafi ekki getað fallist á frv. þingsins 1867 um stjórnskipunarlög handa Íslandi, þá hafi verið álitið réttast að leggja stjórnskipunarmálið að nýju fyrir Alþingi og láta kosningar fara fram í þessu skyni.

1) Það er dagsett 4. ág. Tíðindi frá þjóðfundi Íslendinga 496-517

2) Tíðindi frá þjóðfundi Íslendinga 412-413.

3) Ný félagsrit 12. ár 117-118

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá má geta þess, að þar sem eiginlegt þingrof kemur einungis til greina um löggjafarþing, þá skiptir hér ekki máli réttur ríkisstjórnarinnar til þess að fella úr gildi umboð sveitarstjórnafulltrúa fyrir en kjörtímabil þeirra er útrunnið. En réttur til þessa var atvinnumálaráðherra fenginn með l. 58. 1934 § 2 með þeim ákvæðum, að í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri haf. eigi náðst meiri hluti fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og skal þá ný kosning, er ráðherra fyrirskipar, gilda fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili bæjarstjórnar. Þetta ákvæði er síðan endurnýjað með l. 81. 1936 § 5, 4. mgr. Sá réttur, sem hér um ræðir, er bersýnilega sniðinn eftir þingrofsréttinum, en skiptir ekki frekar máli í þessu sambandi.

En þá að hinu eiginlega þingrofi komið, það er eins og fyrir sagnir tekið eftir erlendum fyrirmyndum, einkum dönskum. Hefur og af ýmsum verið litið svo á, að þingrof væri nauðsynlegur þáttur þingræðisfyrirkomulagsins og jafnvel lýðræðisskipulags yfirleitt, og hljóti þá alls staðar, þar sem það fyrirkomulag gildir, svipaðar reglur um þingrof að koma til greina. Þeir, sem svo líta á, telja vafalaust þýðingarlítið að athuga sérstaklega reglurnar um þingrof hér á landi, þar sem hér verði [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann að vera, en þó ljóst, að þingrof mundi vera stjórnskipulega gilt, þó að það væri undirritað af öðrum ráðherra en forsætisráðherra. En sá ráðherra, sem það gerði, að óbreyttum reglunum í augl. 64. 1924, mundi baka sér ábyrgð fyrir brot á þeim.

Ekki skiftir það máli um formlega heimild til þingrofs, hvernig sá ráðherra, er ábyrgð tekur á því, er kominn til valda. Þingrofið mundi jafngilt þótt konungur hefði hafið hann til valda í blóra við Alþingi.

Þegar athuga skal, hvenær þingrof geti átt sér stað, er rétt að greina á milli þess, hvenær skylt er að rjúfa þing og hvenær einungis er heimild til þess.

Samkvæmt framansögðu er skylt að gera það, þegar breyting á stjórnarskránni hefur náð samþykki beggja þingdeilda. Á það við um allar breytingar á stjskr. aðrar en þær, sem sérstaklega eru undanþegnar. Þó að svo sé til orða tekið, að breytingin skuli hafa náð samþykki beggja deilda, verður enga að síður að ætla að hið sama gildi, þó að hún hafi ~~[illegible]~~ ekki náð fullnaðarsamþykki fyrr en í sameinuðu Alþingi.[1] Hins vegar ber ekki að rjúfa þing, nema stjskr.breyting hafi náð samþykki. Alrangt verður að telja að rjúfa þing einungis vegna þess, að stjskr.breyting hafi komið fram og sé líkleg til að ná fram að ganga.

Slíkt virðist þó einu sinni hafa verið gert. Í ástæðum þeim, er forsrh. Tryggvi Þórhallsson færði fyrir þingrofinu 14. apríl 1931 um leið og hann tilkynnti þingheimi það, segir hann m.a., að þingmeirihlutinn hafi hafið samvinnu m.a. um leiðir í lög viðtekn

1) Bjarni Benediktsson: Deildir Alþingis 264-269.

breytingar á kjördæmaskipun landsins. Að þessu sinni leggur ráðherrann enga megináherslu á þessa ástæðu heldur tilfærir hana einungis meðal ýmissa annara. En í síðari umræðum um þingrofið, er hann skyldi verja það fyrir kjósendum, leggur hann aftur á móti höfuðáherslu á þetta. Segir hann þá meðal annars, að vegna þessara breytinga á kjördæmaskipuninni, er þær voru fólgnar í stjskpl.frv., er fyrir lá og gátu ekki náð fram að ganga, nema það væri samþykt, ~~að~~ stjórnin hafi „ekki einungis ~~[illegible]~~ rétt til þess, heldur ríka skyldu að áfrýja þessum málum undir dómstól þjóðarinnar, —."[2] Og síðar telur hann enn þessa hafa verið höfuðástæðuna fyrir þingrofinu og segir þá m.a. „og álít það skylduverk til þess að hindra eða tefja a.m.k. fyrir kjördæmaskipun, sem ég álít munu verða stórhættulega fyrir framtíð landsins."[3] Þessi röksemda leiðir beinlínis til þess að telja verður þingrofið hafa verið óheimilt. Stjskr. segir, hvenær hún ætlast til að þing sé rofið út af stjskr.breytingu, og að gera það hennar vegna fyrr en stjskr. segir, fær því ekki staðist. Enda augljóst, að ekki sé heppilegast um svo mikilvægt mál sem stjskr.breytingu að láta kjósa um það fyrr en þingið hefur fært það í þann búning, sem það endanlega vill samþykkja það í, og þingmeirihlutanum hefur við eðlilega meðferð gefist færi á að rökstyðja það, svo sem hann telur þörf á.

1) Alþt. 1931, vor, B. 146-147

2) Tíminn 16. apríl 1931

3) Tíminn 2. maí 1931

2. Ef Alþingi hefur samþykt stjskr.-breytingar er skylt að rjúfa það. En einum ráðandi áherslu á því, að engu máli skiftir, hvort stjórnin er breytingunni fylgjandi eða ekki. Skyldan er jafnt fyrir hendi fyrir því. En hér um að ræða afbrigði frá dönsku grundv. 1866 §95, sem ákvæðið að öðru leyti er smíðað eftir. Var það danska stjórnin, sem því réði að frá þessu var vikið, og var það ekki að undirlagi Íslendinga. Í upphafi ætlaðist stjórnin til, að samþykki eins Alþingis nægði af landsmanna hálfu til stjskr.breytingar.[1] En Alþingi taldi ekki ástæðu til að gera Íslendingum hægara fyrir að breyta stjórnlögum heima en Dönum og samþykti ákv. með því efni, sem enn er, að öðru leyti en því, að þingrof átti því aðeins að verða, að landstjórnin styddi uppástunguna.[2] Stjórnin féllst á ákvæðið að öðru leyti en þessu og hélst svo við meðferð málsins 1869 og 1871.[3] En í frv. þingsins 1873 er þessi fyrirvari um stuðning landstjórnarinnar enn gerður.[4] Hann er hinsvegar ekki tekinn í stjskr. 1874. Að vísu gerði Alþingi, þegar það samþykti þenna fyrirvara, ráð fyrir öðru fyrirkomulagi á landsstjórn en skv. stjskr. 1874 varð, en ef stjórnin hefði samþykt tillögur þingsins, hefði hún síðan losnað við að rjúfa þingið, þegar hún var stjskr.frv. þingsins mótfallin. En svo [illegible] 1885 [illegible]

1) Alþt. 1867 II 22

2) Alþt. 1867 II 471, 493, 629-630.

3) Alþt. 1869 II 32, 397 og Alþt. 1871 II 18, 647.

4) Alþt. 1873 II 200 og 275

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skiftin, þegar þing var rofið af þessum sökum. Í bæði skiftin var konungur látinn lýsa yfir því áður en kosningar fóru fram, að hann mundi ekki staðfesta það, sbr. bréf. augl. 19. 1885 og 44. 1893. ~~[illegible]~~ Forvígismenn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni þeirra töldu þennan rétt hinsvegar mikils virði, því að á þenna hátt gafst landsmönnum kostur á því við kosningar að láta í ljósi hug sinn við réttarkröfum Alþingis á ótvíræðari veg en ella hefði verið kostur. Skoðun manna á þessu atriði breyttist því á báða vegu frá því, sem í fyrstu hefði verið.

Hinsvegar kemur atriðið ekki meira að hálfu gagni að því leyti, að þó að ~~[illegible]~~ afdrif kosninga verði þau, að Alþingi samþykki frv. óbreytt að nýju, þá er engin vissa fyrir, að það hljóti staðfestingu konungs, og kemur slíkt þó naumast til greina eftir að stjórn er orðin innlend. Við síðara Alþing er heldur ekki að neinu leyti bundið um meðferð frv., þó að úrslit þess fari vitanlega eftir úrslitum kosninganna. Er ekki einu sinni nein nauðsyn á, að frv. verði lagt fyrir hið síðara þing, og hljóta hvorki stjórn né þingmenn neina skyldu, þó að þeir beri frv. ekki fram þar.

Alþingi hefur verið rofið af þessum sökum 1885, 1893, 1901, 1902, 1911, 1913, 1919, 1927 og 1933. Þingrofin 1902, 1913, 1919 og 1933 leiddu til stjórnarskrárbreytinga. Þingin 1886 og 1894 samþykktu stjskr.frv. óbreytt, og voru þau þó í hvorugt sinnið lögð fyrir af stjórninni, sem ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var heldur von, þar sem hún hafði þegar fram tilkynnt, að hún mundi ekki staðfesta þær. Var og báðum synjað staðfestingar af konungi, sbr. ráðgj.br. 12.9.1886 og 13.10.1894. Áður en konungur fór fram eftir þingrofið 1901, tilkynnti stjórnin í boðskap konungs 2.1902, að stjskr.frv. mundi að vísu verða staðfest, ef Alþingi samþykkti það að nýju, en hinsvegar ~~[illegible]~~ var þá lýst yfir, að frv. um frekari réttindi Íslendingum til handa mundi verða lagt fyrir Alþingi. Fór svo, að það eitt var lagt fyrir þingið 1902 og samþykt þar. Leiddi af því þingrofið 1902. Stóð þetta alt í sambandi við það, að 1901 var í Danmörku tekin upp frjálslegri stjórnarstefna en þar hafði áður ríkt. – Þingið 1911 samþykti að vísu stjskr.breytingar, en hún mun frekar hafa náð fram að ganga vegna þrýstings þess, sem þá var á þingi, og til þess að fá enda á það bandinu með þingrofi, heldur en sökum þess, að samkomulag hafi verið um efni breytinganna. Konungur neitaði, vafalaust að undirlagi danskra ráðherra, að leggja frv. þetta fyrir þing 1912![1] Einstakir þm. tóku það að vísu upp, en það var felt með rökstuddri dagskrá,[2] Ætla verður, að 1927 hafi mönnum heldur ekki verið fullkomið áhugamál að koma stjskr.breytinga fram. Stjórnin lagði frv. að vísu fyrir þing 1928, en þá var það felt með 1 atkvæðis mun í Ed. [illegible] í atkv. [illegible] sem 1927 hafði

1) Alþt. 1912 B. II 6-7

2) Alþt. 1912 B. III 346-347 og er eftirtektarvert, að allir, sem henni greiddu atkvæði og ~~[illegible]~~ átt höfðu sæti á fyrra þinginu höfðu þá verið með frv.

3) Alþt. 1911 B. II 1072-1073 og Alþt. 1912 B. III 346-347.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1) Alþt. 1927 B. 3604 og Alþt. 1928 C. 48.

2) Alþt. 1927 B. 3605–3630.

3) Upplausningsretten 180–195.

verið með frv. en var nú á móti því.[1] Framgangur frv. 1927 mun meira hafa stuðst við það, að flokkarnir töldu sér ekki fært að hverfa frá kenningunni, er haldið var fram í ávörðunarslagnum, og vilja til að hafa áhrif á kjördag, án þess að löggjöf þar um væri breytt, heldur en vitan trú allra fylgismanna frv. á efni þess.[2]

Ef athuga skal heimildina til þingrofs, þegar ekki er um að ræða skyldu í þá átt, þá ber þess andvitað að gæta, að konungi ber að beita á slagsamlegan hátt og að ekki má einungis fara eftir duttlungum þess, er með valdið fer. Fræðimenn hafa bent á nokkur atvik, sem sérstaklega koma til álita í þessu efni. Í hinu mikla riti sínu um þingrof bendir Berlin þannig einkum á 4 flokka ástæðna til þingrofs. Í fyrsta lagi telur hann því hafa verið beitt til verndar réttindum krúnunnar og honum til framdráttar, en síðan til þess að stjórn gæti skotið ágreiningi milli hennar og þings til kjósendanna. Í öðru lagi til að ráða fram úr deilum milli deilda löggjafarþings. Í þriðja lagi til að leysa deilur innan þings eða einnar deildar, ef ólíkar skoðanir væru svo ríkar, að mál ná ekki fram að ganga. Loks til þess að kanna hug þjóðarinnar um mikilsvert málefni, sem kjósendur hafa ekki áður átt kost á að láta uppi álit sitt um.[3] Svo getur og verið, að í ljós sé komið, að stjórn eða þingmeirihluti muni ekki framar njóta trausts kjósenda. Þá

1) Tilvitnað rit 193–194, Berlin: Den danske Statsforfatningsret (3. Udg. I), 437, 439. Hermann Finer: The Theory and Practice of Modern Government I 668.

[illegible]

hefur einkum í Englandi auk venja komist á, að stjórnin rjúfi þing á þeim tíma (þegar tíða fer að líða á kjörtímabilið), er hún telur sér best henta. En einnig ella hefur þingrofi verið beitt til að komast hjá óheppilegum kjördegi.[1]

Heimildinni til þess að rjúfa þing hefur þrisvar verið beitt hér á landi eftir 1874, án þess að skylda til þess væri fyrir hendi, sem sé 1908, 1931 og 1937. Er nú rétt að athuga atvik þau, sem hverju sinni hafa til þessa leitt.

Fyrir þingrofinu 1908 eru í o.br. 6.1908 taldar tvær ástæður. Sú fyrri er, að með því að l. 41.1905 hafi fært til daginn, er hið reglulega Alþingi eigi að koma saman, frá 1. júlí til 15. febr., og með því að 3 regluleg þing hafi þegar verið haldin á kjörtímabilinu, en það sé eigi útrunnið fyrr en 30. júní 1909, þá hafi kosningar verið ákveðnar 10. sept. 1908. – Fullyrt verður á, að þessi ástæða ein hefði nægt til þingrofsins, því að stjórnarskráin gerir vafalaust ráð fyrir því, að ekki séu nema 3 regluleg þing háð í hverju kjörtímabili, og úr því að svo hefði farið, ef ekki hefði verið aðhafst, var fyllilega réttmætt að grípa til stjórnskipulegra ráða því til hindrunar.

Hin ástæðan er framkoma frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands, sem nefnd sú, er skipuð var 30. júlí 1907, hafði samið, og segir í o.br. 6.1908, að stjórnin hafi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enn fremur gert ráðstafanir til að birta hjóðendum frv. þetta áður en kosningar fara fram, svo að þeim veittist kostur á við kosningarnar að gefa til kynna afstöðu sína gagnvart frv., en stjórnin muni leggja fyrir Alþingi, er kosningar til þess hafi farið fram. — Frv. þetta varðaði mjög grundvöll stjórnskipunar landsins, og úr því að skylt var að leggja venjuleg stjskpl.frv. undir fullnaðarsamþykki, þá var því fremur rétt að gera það af þessu tilefni. Ástæður þær, sem færðar voru fyrir þingrofinu 1908, réttlættu það þannig fyllilega hvor um sig.

nýja þing
áður en

Næst var þingrofsheimildinni beitt 1931. Þá sat við völd stjórn studd af Framsóknarflokknum, og ~~naut~~ hafði hún haft hlutleysi Jafnaðarmanna. Er forsrh. tilkynnti þingrofið færir hann fyrir því þessar ástæður: Í Sþ. ~~og~~ er komin fram vantraustsyfirlýsing flutt af Sjálfstæðismönnum, og hafa Jafnaðarmenn lýst yfir, að þeir muni greiða henni atkvæði, og er þá fyrirfram vitað, að hún verður samþykkt. Samvinna á víðtækara sviði milli þessara tveggja flokka verður að teljast í fullu ósamræmi við kosningarnar 1927, en í aðalatriðum ~~[illegible]~~ óbreytt skipun þessa þings. Slík samvinna sé þó hafin, m.a. um það að leiða í lög víðtækar breytingar á kjördæmaskipun landsins. Aðalmálgagn Jafnaðarmannaflokksins ~~[illegible]~~ lýst yfir, að sá flokkur muni hvorki styðja Sjálfstæðisflokkinn [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veita honum hlutleysi til þess, og ~~við~~ því ljóst, að þessir tveir flokkar geta nú ekki myndað pólitíska stjórn, enda hefði verið yfir því lýst af manni úr miðstjórn Sjálfstæðisflokksins á fundi í Nd., að það væri með öllu óráðið, hvað við tæki eftir samþykkt vantraustsyfirlýsingarinnar. Fullvíst ~~má~~ telja, að mesta truflun yrði á störfum þingsins vegna samþykktar vantrausts, þannig að málum þingsins yrði aðeins fáum lokið, en þingtíminn eigi að síður mundi dragast mjög úr hófi fram. Hinsvegar mætti að mörgu leyti hafa full not af störfum þessa þingsþáttar [á þingi] á árinu. Kjörtímabil ~~að~~ nálega liðið og 4 ára kjörtíminn senn úti. Að öllu þessu athuguðu þykir stjórnskipulega rétt og í fyllsta samræmi við reglur í öðrum þingræðislöndum að leita dómsúrskurðar kjósendanna með því að áfrýja þegar í stað þeim málum, sem milli bera hinna pólitísku flokka til dómstóls kjósenda."

Svo sem þegar segir hvarf ráðherra í ræðu sinni fyrir þingrofinu að mestu leyti frá þessum ástæðum og byggði þá nær eingöngu á því, sem hann í upphafi aðeins drap á í sambandi við annað, sem sé stjskr. breytingu um kjördæmamálið. Hefur þegar verið sýnt, að sú vörn fær ekki staðist, heldur þvert á móti leiðir til þess, ef mark er á henni tekið, að þingrofið verði að teljast óheimilt.

Hinar upphaflegu ástæður virðast [illegible]

1) Alþt. 1931, vor, B. 146-147.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugsa var tekið. Þó því aðeins, að í þingi hafi verið rétt frá skýrt, og önnur atriði hafi ekki á þessum tíma hindrað þingrof, og síðar ekki vikið að því.

Að vísu hefur því verið haldið fram, að það hafi verið mistök, ofríkisgangur og jafnvel þingræðisbrot að rjúfa þing áður en umræðum um vantraustið voru til lykta leiddar og áður en Alþingi hafði kveðið upp dóm sinn.[1] Þetta virðist þó alhæpið. Ef vitanlegt er, eins og gert er, að stjórn, sem hlýtur vantraust þingsins, ræður hvort hún leggur niður völd eða leitar úrskurðar kjósenda, þá virðist réttur þingsins að engu leyti gerður minni, þó að komið sé í veg fyrir vantraust með þingrofi, heldur en þó að mætt sé að hlýta því með skírskotun til þingrofs. Ef fyrir liggur er valið er komið í veg fyrir óþarfar tafir og kostnað, en traust eða vantraust á stjórn ekki flóknara en svo, að stjórnarandstæðingar ætti að vera nóg að skýra það utan þings, þótt þeim ekki gefist færi á að ræða um það á þingi. Við fullkomna þingmeðferð má þá t.d. ætla, að málið skýrist enn betur, og að vísu má telja ekki vafasamt meðferð gagnvart þinginu. Í sjálfu sér skiftir ekki máli, hvort hver einstakur kann að telja heppilegra. Aðalatriðið er, að hér er um slíkt álitamál að ræða, og um hvorugt hægt að segja fyrirfram, að það sé hið eina rétta. Vafa og ólíkar venjur komist á um þetta í ýmsum löndum. Í Þýskalandi var t

1) Sbr. fréttaskeyti Morgunblaðsins 18. apríl 1931 af ummælum [illegible] Berlins í Berlingske Tidende og þýðingu Tímans 30. maí s.á. á grein sama höf. í Nationaltidende 8. maí. Við sama heimild t.d. frá skýrt [illegible] í þingrofið frá ýmsum hliðum. Morgunblaðið 29. apríl 1931.

Weimar-stjórnarskráin skilin svo, að stjórn gæti því aðeins rofið þing, að hún gerði það áður en henni væri veitt vantraust.[1] Sú kenning, sem á þessu var byggð hér 1931, braut því hvorki gegn íslenskum stjórnlögum né neinni viðtekinni venju um þetta, enda reyndi að þessu sinni í fyrsta skifti á þetta hér, og var stjórnin þá óbundin um, hverja afstöðu hún vildi í þessu hafa.

Frá þessu sjónarmiði sýnist því ekki með réttu verða fundið að þingrofinu 1931. Þá er það og alveg rétt hjá forsrh., að því minni ástæður geta réttlætt þingrof sem styttri tími er eftir af kjörtímabili. Einnig er ljóst, að vantraust hlýtur að hafa í för með sér truflun á störfum þingsins, sem æskilegt er að komast hjá, ef svo skyldi reynast við kosningar, að hin gamla stjórn hefði enn stuðning meirihluta kjósenda. Loks er það rétt, að það, að flokkur er áður hafði veitt stjórn hlutleysi, breytir því fyrir hana og gengur til liðs við þá, sem hann áður og við síðustu kosningar hafði barist gegn á móti, gefur stjórninni fullkomna ástæðu til að rjúfa þing og skjóta máli sínu undir úrskurð kjósenda.

En þegar rætt var um til viðbótar auk kjördæmamálsins, sem þegar hefur verið rætt um, einnig haldið því fram, að ný pólitísk stjórn verði ekki mynduð í bili, þá þarf hann í fyrsta lagi ekki á þessu að halda til að réttlæta gerðir sínar.

1) G. Anschütz: Die Verfassung des Deutschen Reichs s. 178 og Carl Schmitt: Verfassungslehre 358–359.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.

1) Tíminn 18. apríl 1931.

En í öðru lagi sýnist sú röksemd ~~eigi~~ naumast hafa verið rétt, sem upplýsingar þingmanna Sjálfstæðismanna, er þeir segja, að þingmeirihlutinn sé ~~nú þegar~~ við því búinn að benda þegar í stað á þingræðislega leið til myndunar nýs ráðuneytis.[1] Þar sem ráðherra þurfti ekki á þessari röksemd að halda, skal þó ekki frekar um þetta rætt.

Síðast, er þing var rofið, þ.e. 1931 sat að völdum stjórn studd af Framsóknarfl. og Alþýðufl. Forsrh. gerði grein fyrir þingrofinu á þessa leið: "Á þingi hefur í afstöðu til ýmissa þýðingarmikilla mála og í flutningi lagafrv. komið í ljós svo mikill ágreiningur þingflokkanna, er styðja ríkisstjórnina, að Alþýðufl. hefir lýst yfir, að hann slíti samstarfi við ~~þessa~~ Framsóknarfl., ef ýms þau frv., er hann hefur lagt fram, nái ekki fram að ganga í [illegible]. En Framsóknarfl. hefir hinsvegar lýst sig andvígan mikilvægum atriðum ýmissa þessara frv. Hinsvegar er vitað, að hvorugur stjórnarflokkanna muni ekki styðja aðra menn til stjórnarmyndunar, eins og málin liggja fyrir, og að þeir vilji heldur ekki veita stjórn skipaðri af andstöðuflokkunum stuðning eða hlutleysi. ~~Með~~ Núverandi skipun Alþingis sé því ekki unnt að mynda aðra meirihluta stjórn. Þar sem ennfremur ~~sé~~ [illegible] litið á þjóðmálabilið og afstaðan einkum í atvinnulífi þjóðarinnar ~~sé~~ þegar [mjög] [orðin] breytt frá því Alþingiskosningar síðast fóru fram, þá telur stjórnin skipulega rétt að skjóta málefnum þessum, [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur